

Norðurlandsskógar
Brynjar Skúlason
Búgarði, Óseyri 2,
603 Akureyri

2004060023
5706; 9310

Reykjavík, 29. desember 2004
/--

Efni: Allt að 415 ha skógrækt í landi Silfrastaða í Akrahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Norðurlandsskóga dags. 26. nóvember 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt allt að 415 ha skógrækt í landi Silfrastaða í Akrahreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akrahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Skógræktar ríkisins, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Akrahreppi með bréfi dags. 15. desember 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. desember 2004, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 9. desember 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. desember 2004 og Vegagerðinni með tölvupósti dags 27. desember 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá Norðurlandsskógum með bréfum dags. 17, 21. og 28. desember 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé allt að 415 ha skógrækt í landi Silfrastaða í Akrahreppi á reitum 1,2,3,4,5,7 og 10. Skógræktarsvæðið liggja meðfram þjóðvegi 1 í Norðurárdal og afmarkist af Bólugili að norðan og Kotagili að sunnan. Heildarlengd svæðisins sé um 8,7 km en breidd um 300-600 m. Hæð fyrirhugaðs skógræktarsvæðis sé um 40-120 m y. s og halli að mestu á móti suðri. Svæðið sé talið veðursælt og snjólétt og henti vel til timburskógræktar. Fram kemur að nú þegar sé búið að gróðursetja að hluta til í svæði 1 og að fullu í svæði 8 og 9 og séu svæði 8 og 9 því ekki hluti af fyrirhugaðri framkvæmd. Nýhafin sé gróðursetning á svæði 2 og ekki sé fyrirhugað að gróðursetja í svæði 6 þar sem það henti ekki til skógræktar vegna stórgrýtis. Fram kemur að

nánast allt svæðið sé mótað af skriðuföllum, að hlíðin sé misvel gróin, víða grjót á yfirborði og allsstaðar grunnt á grjót. Almennt sé svæðið þurr en nokkuð grasgefið neðarlega í hlíðinni og vegna bratta hlíðarinnar sé lítið um mýrar og deiglendi. Í framlögðum gögnum kemur fram að lerki verði ríkjandi trjátegund í efri hluta svæðisins en birki verði gróðursett í torfur á frjósömum stöðum fyrir ofan lerkið. Neðar í hlíðinni sé gert ráð fyrir greni-, furu- og lauftrjáategundum og sé lögð áhersla á að skógurinn verði bjartur, fjölbreyttur og litskrúðugur. Fram kemur að fyrir séu um 3,7 km langir slóðar færar sex-hjólum, nauðsynlegt verði að gera nýjan 1,5 km langa slóða til að auðvelda útplöntun og umhirðu skógarins en ekki verði um að ræða flutning á efni til eða frá svæðinu um slóðana.

Náttúrufar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að landslag á fyrirhuguðu skógræktarsvæði hafi nú þegar verið raskað með vegagerð og búsetu. Hlíðin sé lítt gróin og beri merki tíðra skriðufalla. Engin röskun verði á náttúruminum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna framkvæmdarinnar og gert sé ráð fyrir að birki verði gróðursett næst viðkvæmum svæðum á náttúruminjaskrá. Fram kemur að 172 tegundir blómplantna og byrkinga hafi fundist á úttektarsvæðinu en ekki sé talið að gróðurfur sé sérstætt og hafi takmarkað verndargildi. Fuglalíf virðist fáskrúðugt og á engan hátt sérstætt.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vitað sé um minjar á svæðum 1, 4, 5, 7 og 9 en ekki á svæðum 2, 3, 8 og 10. Þar sem ekki sé fyrirhugað að gróðursetja í svæði 6, hafi úttekt á menningarminjum ekki farið fram á því svæði. Við framkvæmdir verði þess gætt að virða 20 m friðhelgi kringum fornminjar sem vitað sé um og þær sem kunna að finnast á framkvæmdatímanum. Gert sé ráð fyrir að gróðursetja að gömlum götum á svæðinu, en ekki í göturnar sjálfar. Einnig verði farið að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um að gróðursetning fari ekki fram innan 100 m radíus frá Bessakoti og Ketilsstöðum. Við framkvæmdina verði tekið tillit til Kotagils, Bólugils og Skeljungssteins sem séu á náttúruminjaskrá.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekkert aðalskipulag sé í gildi fyrir framkvæmdasvæðið og að svæðisskipulag Skagafjarðar 1998-2010 hafi ekki verið staðfest af umhverfisráðherra.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Akrahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Skógræktar ríkisins, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifaskráning hafi ekki farið fram á svæðum 1, 8, 9 og 10. Gróðursetningu sé nú þegar lokið á svæðum 1, 8 og 9 og nýhafin á svæði 2. Mælt sé til þess að kringum þekktar fornleifar á svæðunum verði 20 m friðhelgt svæði þar sem trjám verði ekki plantað og að umhverfis bæjarhóla Bessakots og Ketilsstaða verði ekki gróðursett í svæði innan 100 m radíus frá bæjarhólunum. Í gögnum landeiganda kemur fram að þessi sjónarmið verði virt við framkvæmdina. Í gögnunum kemur jafnframt fram að við

gróðursetningu á svæðum 1 og 9 hafi verið tekið tillit til þekktra fornminja. Fram kemur að svæði 5 nái yfir Skeljungshöfða, þar séu miklar minjar og ekki sé ljóst af framlögðum gögnum hvort fyrirhugað sé að gróðursetja á höfðanum og telur Fornleifavernd ríkisins slíkt óæskilegt. Ennfremur telji Fornleifavernd ríkisins nauðsynlegt að fornleifaskráning fari fram á þeim svæðum sem enn séu óskráð og ætlunin sé að taka undir trjárækt. Mikilvægt sé að svæði 10 verði skráð og æskilegt að svo verði jafnframt gert á svæðum 1, 8 og 9 þó búið sé að gróðursetja í þau. Þannig gefist tækifæri til að meta áhrif skógræktarinnar á fornleifar á svæðinu öllu og grípa til aðgerða verði þörf talin á því. Ennfremur kemur fram að minjavörður Norðurlands vestra muni fylgjast með því að skilyrði Fornleifaverndara ríkisins verði uppfyllt.

Í frekari gögnun framkvæmdaraðila kemur fram að friðhelgi Stekks og Skeljungssteins verði 20 m umhverfis minjarnar og gott aðgengi að fornminjum og steininum verði tryggt. Þær skógræktarframkvæmdir sem fyrir liggja á svæði 1 séu íbætur í eldri gróðursetningar og grisjun núverand skógar síðar meir og muni ekki valda meira raski en orðið sé með núverandi gróðursetningu. Þegar skráning á fornminjum hafi farið fram á þessu svæði muni að sjálfsögðu verða tekið tillit til nýrra minja sem þar kunna að finnast við umhirðu skógarins til að tryggja að uppvaxandi skógur raski þeim ekki. Fram kemur að ekki hafi verið gróðursett í svæði 10, en ef svo verði mun þess verða gætt að framkvæmdir hefjist ekki fyrir en skráning fornminja hafi farið fram. Framkvæmdaraðili bendir á að svæði 8 og 9 séu lítil og ekki hluti af fyrirhugaðri framkvæmd.

Áhrif á landnotkun. Vegagerðin vekur athygli á því að samkvæmt vegalögum sé veghelgunarsvæði fyrirhugaðs Hringvegar í Norðurárdal 30 m í hvora átt frá miðlínu vegar og sé skógrækt ekki heimil á því svæði.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði gerður skógræktarsamningur um þann hluta landsins sem falla mun innan veghelgunarsvæðis.

Áhrif á landslag. Skógrækt ríkisins bendir á að með fyrirhugaðri viðbót við núverandi skógræktarsvæði verður skógurinn á Silfrastöðum aðallega í bröttum skriðum í hlíðum dalsins ofan þjóðveggar. Skógurinn muni því falla vel að landslagi og hvorki valda röskun á útsýni, nema upp í hlíðarnar sjálfar, né rýra útsýni upp í stórgrýttar urðir og gil. Fram kemur að ekkert svæðanna sé yfir núgildandi stærðarmörkum sem fram koma í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, og sé það því álit Skógræktar ríkisins að skógrækt á Silfrastöðum skuli ekki háð meðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð viðbót muni aðeins hafa jákvæð áhrif á þá heildarmynd sem skógræktinni á Silfrastöðum sé ætlað að skapa.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt sé að skipuleggja skógrækt á Silfrastöðum þannig að heildarsvipmót landslags á skógræktarsvæðinu haldist, þ.e. hlíðar með giljum og skriðum.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði skógræktaráætlun sem sé nákvæm útfærsla á ræktuninni á viðkomandi svæði og sé áætlunin unnin af skógfræðingum með sérþekkingu og reynslu af skógarhönnun og skógarvistfræði og miði að því að fella skóginn að landslagi og ná árangri í ræktun skógar.

Áhrif á náttúrufar. Umhverfisstofnun bendir á að óvissa ríki um framtíðarlegu þjóðvegarins við svæði 4 og 7 og að framkvæmdaraðili hafi ekki lagt fram gögn um náttúrufar á þessum svæðum s.s. um fuglalíf og áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar við Norðurá. Mjög algengt sé að ýmsar fuglategundir t.d. andategundir nýti sér jaðarsvæði við ár á ýmsan hátt.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í framlögðum gögnum hafi komið fram upplýsingar um blóm, byrkinga og fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og vitnað í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um náttúrufar í Norðurárdal í Skagafirði. Í skýrslunni komi meðal annars fram að á svæðinu hafi fundist 15 tegundir fugla og þar af séu 8 tegundir líklegir varpfuglar sem allir séu algengir hér á landi. Þá segi jafnframt í skýrslunni að allar þær tegundir sem verpi á svæðinu hafi þannig lífshætti að verði þær fyrir truflun geti þær flutt sig á önnur varp- eða fæðusvæði.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 415 ha skógrækt í landi Silfrastaða, Akrahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar skógræktar í landi Silfrastaða muni einkum verða á landslag og menningarminjar. Ljóst sé að með uppveftri skógarins muni ásýnd svæðisins breytast og telur Skipulagsstofnunin mikilvægt og tekur undir með Umhverfisstofnun, að skógræktin verði þannig skipulögð að heildarsvipmót landslagsins haldist, að skógurinn falli vel að landslagi og að stórgrýttar urðir og gil verði sjánleg. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að fornleifaskráning fari fram á svæði 10 áður en framkvæmdir hefjast, æskilegt er að skráning fari einnig fram á svæði 1 en ekki er tekin afstaða til svæða 8 og 9 þar sem þau eru ekki hluti af fyrirhugaðri framkvæmd. Skipulagsstofnun telur einnig mikilvægt að skógrækt fari ekki fram innan 20 m radíus frá þekktum fornminjum og að óæskilegt sé að skógrækt fari fram á Skeljungshöfða.

Vegna athugasemdar Skógræktar ríkisins bendir Skipulagsstofnun á að skv. lögum nr. 106/2000 er "nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra ..." tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu. Skógrækt á 415 ha svæði í landi Silfrastaða er ein framkvæmd innan sömu jarðar á vegum sama framkvæmdaraðila og því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á menningarminjar, landnotkun, landslag og náttúrufar verði fylgt þeirri framkvæmdartilhögun sem framkvæmdaraðili leggur til og framangreindum ábendingum Skipulagsstofnunar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Norðurlandsskóga við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Norðurlandsskóga vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 415 ha skógrækt í landi Silfrastaða í Akrahreppi sé ekki líkleg til að

hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akrahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin er á óskipulögðu svæði og þarf hreppsnefnd því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 31. janúar 2005.

Þóroddur F. Þóroddsson

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Akrahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.